

Ágætu tilheyrendur!

Róstur eru í þjóðfélaginu. Óeining um okkar grein sjávarútveginn og virðist nýútkomin skýrsla starfshópa „Auðlindarinnar okkar“ ekki hafa náð að lægja öldurnar. Í stóru myndinni er það staðfesta matvælaráðherra um aukið gagnsæi í greininni sem virðist ekki eiga uppá pallborð þeirra sem ráða yfir mestum hluta veiðiréttarins. Að allt sé uppi á borðum um eignar- og utanumhald. Allri leyndarhyggju skuli aflétt.

Afstaða LS um þetta málefni kom fram í samþykkt síðasta aðalfundar; „skýra þarf frekar í lögum hvað eru tengdir aðilar þegar kemur að kvótæign einstakra fyrirtækja í sjávarútvegi og breyta því viðmiði sem nú er, og til dæmis nota sama viðmið og var notað við val á fólki í kjörstjórnir við síðustu kosningar.

Fjögur ár eru liðin frá því ég ritaði grein um þetta málefni. [„Kvótapakið – eftirlitsskylda í molum“](#). Þar gagnrýndi ég að hvorki frumvarp né tillögur hefðu komið frá stjórnvöldum sem viðbrögð við skýrslu Ríkisendurskoðunar „Eftirlit Fiskistofu“ sem kom út í desember 2018. Í skýrslunni kom m.a. fram að Fiskistofa hefði ekki og gæti ekki, sinnt þeim skyldum sem henni væri ætlað í lögum um stjórn fiskveiða um eftirlit með samþjöppun; Í skýrslunni segir m.a.: *„Ljóst er að árinu 2013 – 17 hafði Fiskistofa ekki greinargóða yfirsýn yfir tengsl aðila í sjávarútvegi.“*

Viðbrögð stjórnvalda voru, að þau teldu þetta vera með öllu ólíðandi.

Í grein minni segir orðrétt: „*Rætt er um samþjöppun og að koma verði í veg fyrir að einstaka aðilar eða fyrirtæki verði ráðandi. Afleiðingar geta orðið kerfislægar þegar um stærstu atvinnugreinar landsmanna er að ræða. Ríkisvaldið getur þannig lent í þeirri stöðu að það megi sig hvergi hræra gagnvart þessum umsvifamiklu aðilum.*

Mér sýnist að þessir hlutir séu að raungerast.

Nú fjórum árum síðar er von að maður spyrji: Hvað hefur verið gert?

Jú það var skipuð nefnd til að fara yfir málefnið, en ekkert frumvarp varð til þannig að staðan var óbreytt og er það enn í dag.

Matvælaráðherra hefur hins vegar boðað að svo verði ekki áfram.

Hún hefur látið málið til sín taka en hefur lent á veggjum þó hún hafi falið eftirlitsstofnunum að einhenda sér í vinnu við að kortleggja stöðuna. Það var hið versta mál að mati sumra en kom málinu af stað þó það sé ekki á forræði ráðherra, heldur sjálfstæðra ákvarðana Samkeppniseftirlitsins. Ráðherra hefur hins vegar boðað að frumvarpsdrög verði kynnt í Samráðsgátt stjórnvalda í nóvember og er líklegt að þar verði tekið á málinu, jafnframt því að nán ættartengsl skilgreinist sem skyldleiki.

Innskot úr bókinn „Í víglínu íslenskra fjármála“: „*Fjármálaeftirlitið leyfði meira að segja Landsbankanum að flokka tvo helstu eigendur bankans sem „óskylda“. Samt höfðu þeir keypt bankann saman. Auk þess sem þeir voru feðgar.*“

Annað dæmi að Fiskistofu hafi hvorki tekist að sýna fram á að tengsl séu á milli hjóna né að þegar sami aðili gegnir stjórnarformennsku eins fyrirtækis og er forstjóri annars, að það leiði til að ákvæði um hámarkshlutdeild hafi verið brotin. Nú tíu árum síðar stendur Fiskistofa nánast í sömu sporum varðandi eftirlit með utanumhaldi aflahlutdeildar hún nær ekki að sinna þeim skyldum sem henni er ætlað í lögum um stjórn fiskveiða um eftirlit með samþjöppun. Ég bind vonir við að væntanlegt frumvarp matvælaráðherra taki á þessum málum. Það aflétti leyndarhjúpi sem verið hefur og færi landsmönnum upplýsingar um hver eigi hvað í sjávarútveginum.

Samþjöppun í sjávarútvegi hefur verið mikil þar er krókaafلامarsskerfið engin undantekning. Leyfilegur afli er nú sóttur af um helmingi færri bátum og 50 af þeim 180 bátum sem hafa aflahlutdeild er með 94% veiðiheimildanna. Helstu ástæður þessarar þróunar er að heimilað var að stækka bátana úr 15 brt í 30 brt sem hafði þær afleiðingar að stórar og fjársterkar útgerðir komu inn í krókaafلامarsskerfið. Þær hafa setið að nánast allri hlutdeild sem hefur losnað. Þá er það jafnframt ástæða og mikið áhyggjuefni að leigumarkaður hefur ekki virkað sem skildi, nánast vonlaust að fá aflamark fært til sín.

Á yfirstandandi fiskveiðiári fengu alls 10 útgerðir úthlutað aflamarki í þorski yfir 1 000 tonn, en fyrir 10 árum var engin útgerð á þeim lista.

Eins og vænta má meðal smábátæigenda og annarra sjómanna er lífleg umræða í kringum Hafrannsóknastofnun. Loðna, makrill, þorskur, mat stofnunarinnar á stærð og viðgangi þessara stofna. Þorskurinn er okkur dýrmætastur, því mikið í húfi að þar sé aðgát höfð. Nú er hins vegar svo komið að æ fleiri segja ráðgjöfina of varfærna. Illa sé komið fyrir okkur þegar ekki er einu sinni hægt að auka við heimildir til veiða með handfærum á smábátum. Ráðherra svarar þessu á þann veg að byggja eigi á vísindalegum grunni með aflareglu, þar sem leiðarljósið séu tillögur Hafrannsóknastofnunar.

„*Fiskifræðingar byggja ráðgjöf sína á mælingum og rannsóknum og því er ráðgjöfin besta leiðsögnin sem við höfum*“ matvælaráðherra í Morgunblaðinu 19. ágúst sl. Þá spyr maður eru mælingar réttar? Hafrannsóknastofnu fylgir aflareglu sem stjórnvöld hafa sett. Þessari aflareglu geta þau breytt með einu pennastriki. Þannig væri hægt að bæta við þegar ástand er gott eða markaðaðstæður eru okkur hagstæðar. Svo vill til að hvorutveggju er fyrir hendi um þessar mundir. Norðmenn munu draga saman þorskveiðar og því losnar pláss á markaðinum sem við eigum að nýta. Stjórnvöld bera ábyrgð með því að setja aflareglu. Þau eiga við þessar aðstæður að í stað 20% af veiðistofni verði miðað við 23%. Við það myndi leyfilegur heildarafli hækka um 16 þúsund tonn og gjörbreyta stöðunni.

208.846 aflamark 2022/2023

Viðmiðunarstofn 2023 1.068.860 * 0,2 211.309 0,23 =
227.342 = 16 þús tonn.

Í undirbúningi þessa erindis leit ég yfir skýrslu Hafrannsóknastofnunar sem út kom í júní sl. Til urðu nokkrar glærur.

Sú fyrsta sýnir að meðalþyngd í afla ársins 2019, hefur aldrei í sögu mælinga frá 1955 verið hærrí, 4,230 Kg, enda hlutfall 8 ára þorsks og eldri 51% í afla sem er einnig met.

Mynd 2

Þremur árum síðar 2022 var meðalþyngd einnig há 4,156 Kg (sú næsthæsta) þá var hlutfall 8 ára þorsks og eldri hins vegar aðeins 31%, hvernig getur það staðist?

Ég tel líklegt að hér hafi verið gerð mistök og ætla Hafró út frá þessum tölum að skoða málið m.t.t. endurútreikninga á stærð veiðistofns.

Mynd 3

Sýnir að fjöldi þorska í afla hefur frá árinu 1992 ekki náð langtímameðaltali, fæstir voru fiskar árið 2008 – 46 milljónir. Meðaltalið er 95,3 milljónir. Frá árinu 1994 hefur meðaltalið verið 64 milljónir - aðeins tveir þriðju hlutar af langtímameðaltali

Mynd 4

Sýnir að fjöldi í stofni 3 - 14 ára er yfir meðaltali eða rétt undir frá árinu 2012 sl. 11 ár. Staðfestir upplifun sjómanna, sýnir vel hversu gríðarlegt magn af fiski er í sjónum.

Mynd 5

Sýnir hlutfall af fjölda í afla hvers árs við fjölda í stofni. Hlutfallið hefur verið undir 19% meðaltali allt frá árinu 2005. Gríðarleg vanveiði virðist því eiga sér stað. Hlutfallið fer lægst í 11%. Meðaltalið 13,8% frá árinu 2005.

Mynd 6

Sýnir afla hvers árs sl. 68 ár; 1955 - 2022. Meðaltal tímabilsins er 313 589 tonn. Sl. 31 ár hefur afli aldrei komist upp að þeirri tölu. Hæst fór hann árið 2020 í 270 290 tonn.

Mynd 7

Sýnir að frá árinu 1992 hefur afli aldrei farið umfram 300 þús. tonn og meðaltal tímabilsins 1992 - 2022 er 30% lægra en meðaltal tímabilsins 1955 - 2022. Það vantar 42% upp á að við náum meðaltalinu.

Niðurstaða

- Eftir að hafa skoðað þessa þætti hef ég fyllst efasemdum varðandi árlega stofnmælingu botnfiska sem aflamark hvers árs er byggt á samkvæmt 20% aflareglu stjórnvalda.
- Greinilegt er að það sem kemur upp úr sjónum á lítið skylt við það sem mælist í togararalli.
- Allir að reyna að hámarka verðmæti, að veiða stærsta fiskinn.

LS mun áfram berjast að alefli fyrir réttindum félagsmanna sinna til veiða og tryggja áfram grundvöll hundruð smábátaútgerða. Því miður hefur fækkað í þeim hóp sem byggja veiðirétt sinn á aflahlutdeild. Bent hefur verið á það, ár eftir ár að verði ekkert aðgert til að sporna við samþjöppun mun sú þróun halda áfram.

Gagnrýnivert er að starfshópar sem unnu að skýrslu fyrir „Auðlindina okkar“ virðast hafa haft þann ásetning að velta enn fleiri steinum í götu smábátaútgerðarinnar.

Í stuttu máli;

afnemun línuívilnun og búum til pakka úr henni og byggðakvóta og skel- og rækjubótum. Skýrum aðgerðina „innviðaleið“. Því næst skulum við fá meðbyr fyrir innviðaleiðinni frá hinum dreifðu byggðum með því að segja þeim að handan við hornið séu fullar kistur fjár sem fluttar verði til þeirra. Þá verði nú aldeilis gaman að lifa í þorpinu. Enginn bátur við bryggjuna lengur, engin eftirspurn eftir þjónustu, viðgerðum, flutningum með fisk eða fólki til að beita. Ekkert bryggjuspjall, enginn bryggjurúntur. Semsagt hnignunin algjör og allir með skeifu.

Kæru félagar við erum hér saman komin til að berjast gegn þessari atburðarrás. Berjast gegn innviðaleið sem gefur stórútgerðinni tækifæri til að soga til sín aflaheimildir úr 5,3% pottinum. Taka þaðan

um 30% af öllum þorski og færa hann til sín. Slíkt látum við ekki gerast átakalaust.

Landssambandið hefur lagt fram raunhæfar tillögur til að sníða að mestu vankanta varðandi ráðstöfum úr 5,3% pottinum. Þeir sem mótuðu þær tillögur eru íbúar í hinum dreifðu byggðum og hafa því gríðarlega þekkingu á þessu sviði.

Tillagan gengur út á að styrkja þau kerfi sem engum veiðiheimildum er úthlutað nema það sem nákvæmlega er veitt. Enginn í þeim kerfum línuviltun og strandveiðum fær arð nema hann nýti veiðiheimildir með veiðum.

Eitt af markmiðum með starfi „Auðlindin okkar“ var að

„leggja fram tillögur til að hámarka möguleika Íslendinga til frekari árangurs og samfélagslegrar sáttar um umgjörð greinarinnar.“

Ætla má að skýrsla sem unnin var fyrir Matvælaráðuneytið „Auðlindin okkar – viðhorf Íslendinga til sjávarútvegsmála“ hefði átt að varða leiðina í átt að niðurstöðum. Því er öðru nær. Þrátt fyrir að 72,3% aðspurðra teldu að niðurstaða til sáttar hvað strandveiðar varði væri að auka veiðiheimildir til þeirra ákvað starfshópurinn að hlusta ekki á það ákall. Þess í stað leggur hann til að veiðiheimildir til strandveiða verði óbreyttar. „Strandveiðum verði viðhaldið þrátt fyrir ýmsa annmarka“.

En snúum okkur þá að strandveiðum sem lauk þann 11. júlí, þegar aðeins 56% var liðið að veiðitímanum. Leiðarvísir frá aðalfundi var 48 dagar, jafnskipt á mánuðina maí – ágúst. Ráðherra ætlaði hins vegar að hverfa frá 48 daga kerfinu og dusta rykið af fyrirkomulagi veiðanna frá árinu 2017 sem hún nefndi svæðaskiptingu. Ætlunin var að ná fram jafnræði milli landshluta. Þessari leið var hafnað í atvinnuveganefnd líklega vegna þess að allar útfærslur vantaði, ekki var sýnt hvernig frumvarpið kæmi við einstök landsvæði. LS sá sér leik á borði og lagði til sáttaleið sem myndi ná markmiði ráðherra, jafnræði milli landshluta.

Dagar yrðu 44, 11 í hverjum mánuði. Á móti kæmi að ákvæði um stöðvun veiða af hendi Fiskistofu yrði gert óvirkt í eitt ár.

Það voru mikil vonbrigði að nefndin skildi ekki taka þessu boði LS, ekki síst þegar endurskoðun laga stendur yfir. Aflinn sem umfram yrði væri minna magn en VS-aflí sem ekki er talinn með í aflamarki og því ekki inn í aflareglumódelinu.

Mikil óánægja var meðal strandveiðisjómanna með stöðvun veiðanna. Hún náði hámarki þegar mótmælt var á Austurvelli laugardaginn 15. júlí. Gríðarlega vel heppnuð aðgerð þar sem Strandveiðifélag Íslands hafði veg og vanda að skipulagningunni. Takk fyrir.

Mynd

Auka þarf veiðiheimildir til strandveiða í 13 500 tonn. Þannig væri hægt að tryggja jafnræði landshluta og 48 daga kerfið. Með þeirri leið

sem LS hefur lagt til um sameiningu byggðkvóta þar sem helmingur heimilda færi til línuívilnunar og strandveiða, auk hluta af skel- og rækjubótum væri markmiðinu náð. Lítið verður hægt að treysta á loðnuna, þar verður ekkert að fá á skiptimarkaði, enda er reynslan ekki gæfuleg þegar aðeins þúsund tonn af þorski fengust fyrir 35 þúsund tonn af loðnu, stuðullinn 3,1% á móti 36% verðlögðum stuðli. Strandveiðar eiga ekki að vera háðar duttlungum stórútgerðarinnar.

Strandveiðar og línuívilnun eru sérstök veiðikerfi þar sem aflamarki er ekki úthlutað. Þess vegna eiga þessi kerfi að standa fyrir utan eiginlegt aflamarkskerfi. Það getur verið misjafnt hversu mikið veiðist ár frá ári. Sjaldan fer saman einmunatið eins og í sumar og hörkugott fiskerí. Að sjálfsögðu á kerfið að geta mætt því. Yfir langan tíma jafnast þetta út, t.d. getur hálfsmánaðarbræla um land allt sett allt úr skorðum og gert það að verkum að afli náist ekki á þeim 48 dögum sem ætlaðir eru til strandveiða. Hendi slíkt er óheimilt að bæta við tímabilið og jafnframt er innbyggt í kerfið að dögum fjölgar ekki þrátt fyrir að nægar heimildir verði til staðar eins og átti sér stað árin 2018 og 2019. Af þessum sökum og fjölmörgum öðrum eru engin rök fyrir því að ákvæði um stöðvun strandveiða innan tímabilsins eigi rétt á sér.

Eins og gjarnan er við strandveiðar voru nokkur met slegin. Þorskaflí í róðri aldrei hærrí 668 kg. Fjöldi þátttakanda sló einnig met alls 750 bátar. Hins vegar er miður að leita þarf til ársins 2016 til að finna lægri tölu yfir meðatal á hvern bát.

Var þá 12,9 tonn en nú 13,3 tonn – hæst var það 2018 og 2021 16,6 tonn., sama á við um heildarafla, aflahæsta bátinn, margfaldur ufsaafli og aflaverðmæti.

Á hinn bóginn var annað met sem líka féll. Það flokkast ekki undir árangur heldur það sem menn vilja ekki upplifa aftur. Veiðarnar stöðvaðar að loknum 39. degi, síðasti dagur 11. júlí. Eins og ég kom inná fyrr í ræðu minni er með öllu óþolandi að ekki hafi fundist smuga í besta fiskveiðistjórnunarkerfi í heimi fyrir 3 500 tonna viðbót til að tryggja 750 útgerðum veiðar til loka ágúst eins og veiðileyfi þeirra gildi.

Sjá glærur

Vík ég þá að krókaflamarkinu.

Aflahæsti krókaafلامarksbáturinn fiskveiðiárið 2022/2023 var Hafrafell SU 65 bætti aflamet Sandfells frá í fyrra um 47 tonn. Afli Hafrafells SU 2.509 tonn.

Grásleppan Leyfilegur heildarafli var lækkaður úr 6 972 tonnum í 4 411 tonn – 37%. Gefnir voru út 45 dagar og var veiðitímabilið það lengsta í sögunni eða frá og með 20. mars til og með 31. ágúst.

Þegar upp var staðið skilaði vertíðin nú 12% minni veiði en metárið 2022, í tölum 3.797 tonnum.

Verð á heilli grásleppu hækkaði mikið milli vertíða og geri ég ráð fyrir að sú hækkun gæti haldið áfram þar sem verð á frystri grásleppu til Kína hefur tekið við sér. Aftur á móti er lægt í kaviarnum en vonandi að úr rætist.

Glærur

Aflahæsti báturinn á grásleppu var **Fjóla SH með 70** tonn.

Heildarafli allra smábáta – 78.011 tonn , aflaverðmæri 31,2 milljarðar

Glærur

Línuívilnun aðeins 55 bátar nýttu sér línuívilnun á síðasta fiskveiðiári en voru 67 á fiskveiðiárinu 2021/20221. Til að snúa þessari þróun við þurfa stjórnvöld að taka undir tillögu LS að auka heimildir og hækka ívilnun.

Kæru fundarmenn – það er í mörg horn að líta í starfsemi LS.

Vitanlega væri gaman að demba því öllu hér á borð, en líklega myndi

Það hafa í för með sér brotthvarf úr sal þannig að ég hef ákveðið að þessu sinni að stikla aðeins á því helsta en vísa þess í stað til þeirra 135 færslna sem birst hafa á [heimasiðu](#) LS á síðustu 12 mánuðum, ásamt færslum á [Vaðli](#) Facebook LS.

Kjaramál

Enn hafa ekki tekist samningar milli sjómanna og útgerðarmanna. Viðræður LS og sjómannasamtakanna hafa því ekki átt sér stað. Helsta krafa sjómanna og það sem steytir á í viðræðum þeirra við SFS er hækkun á framlagi útgerðarinnar í lífeyrissjóð úr 8% í 11,5%.

Lífeyrissjóður

Umræða um lífeyrissjóði er mér ávallt hugleikin. Þann 19. september sl. sendi ég [bréf til stjórnar Gildis lífeyrissjóðs](#). Þar er þess farið á leit að stjórnin óski eftir hluthafafundi í Íslandsbanka hf. þar sem leitað verður eftir heimild til að gera skaðabótakröfu í nafni félagsins á hendur fv. stjórn og stjórnendum vegna tjóns er þeir ollu félaginu og hluthöfum. Þar er vitnað til ákvæða greina 134 og 135 í lögum um hlutafélög sem fjalla um skaðabætur.

Það er hafið yfir allan vafa að með samþykki stjórnar Íslandsbanka á sektargreiðslu upp á 1,16 milljarð vegna athugasemda

fjármálaeftirlitsins fellst viðurkenning á að reglum var ekki fylgt. Bankinn hafi brotið lög um markaði fyrir fjármálagerninga við útboð á 22,5% hlut ríkisins.

Í bréfinu er vakin athygli á að markaðsvirði bankans frá föstudeginu 17. mars til þess dags sem bréfið var skrifað hafði lækkað um 19 milljarða (í dag 24 milljarða). Verðmæti hlutar Gildis hefur því lækkað um 1,5 milljarð (í dag 1,9), en eignarhlutur sjóðsins í Íslandsbanka er 7,92%

Að lokum vil ég þakka stjórn og formanni fyrir einstaklega gott samstarf á árinu.

Ræðu minni lýk ég eins og undanförunum níu fundum að vitna til aðila úr stjórnarsýslunni sem sendi mér tölvupóst á 30 ára afmæli LS árið 2015:

*Það er afdráttarlaus skoðun mín að LS hafi með
starfi sínu valdið straumhvörfum,
félagsmönnum sínum og íslenskum
sjávarútvegi, til mikilla heilla.“*

Takk fyrir gott hljóð og afbragsgóða hlustun.